

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Austurbakki 2, reitur 1 og 2.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. ágúst 2015, breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að fella niður eftirfarandi setningu í kafla 6.2, reitur 1 í greinargerð: „Fimmta og sjötta hæð eru inndregnar, sú sjötta meira en fimmta.“ Í staðinn kemur eftirfarandi setning: „Efsta hæð bygginga verði inndregin í samræmi við deiliskipulagsupprátt – sneiðingar“. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Eggertsgata 35.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. ágúst 2015, breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, austurhluta háskólalóðar, vegna lóðarinnar nr. 35 við Eggertsgötu. Í breytingunni felst að skilgreina byggingarreit svo koma megi fyrir að hámarki tveimur færanlegum vinnuhúsum á lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 10. september 2015.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2015